



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA
Fornleifadeild

Fornleifarannsókn í landi Litlanes og Kirkjubóls

**Vegna fornleifa við Vestfjarðaveg 60
milli Eiðis og Þverár í Reykhólahreppi**



**Margrét Hrönn Hallmundsdóttir
Guðrún Jóna Þráinsdóttir**

Desember 2013

NV nr. 28-13

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Markmið og aðferðafræði	4
3. Litlanes, saga	5
3.1. Fornleifarannsókn á Litlanesi 2012	5
3.2. Niðurstöður	8
3.3 Fornleifar á Litlanesi	9
4. Kirkjuból í Kerlingarfirði, saga	13
4.1 Fornleifarannsókn á Kirkjubóli	13
4.2 Könnunarskurður í túngarð	13
4.3 Könnunarskurðir í túni	15
4.4. Heimildir um kirkju á Kirkjubóli	15
4.5. Minjar sem fundust við síðari vettvangsrannsókn	16
5. Eiðshús (Fjarðasel)	24
5.1 Fornleifarannsókn	26
6. Þakkir	27
7. Heimildaskrá	28

1. Inngangur

Að beiðni Vegagerðar og Björns Barkarsonar frá VSÓ (minnisblað dagsett 23.5.2012) var óskað eftir að gerð yrði fornleifarannsókn vegna fornleifa við Vestfjarðarveg 60, milli Eiðis við Vattarfjörð og Þverár í Kjálkafirði í Reykhólahreppi. Svæðið hafði verið skráð af Náttúrustofu Vestfjarða (Margrét Hallmundsdóttir og Caroline Paulsen 2008) vegna fyrirhugaðra vegaframkvæmda. Frá því að vettvangsathugun fór fram þá hafði veglínan breyst og einnig komu athugasemdir frá Finnaboga Jónssyni um fornleifar á framkvæmdasvæðinu. Finnbogi fór ásamt mælingarmanni frá Vegagerðinni og þeir hnitsettu fornleifar, bæði þær sem voru þegar skráðar og aðrar sem sáust ekki í rannsókninni. Minjar sem þeir töldu ekki hafa verið skráðar áður fengu bókstafinn (M) og svo númer (Vegagerðin 2011).

Samkvæmt beiðni frá Fornleifavernd ríkisins (nú Minjastofnun Íslands) var farið fram á að fornleifafræðingur gerði eftirfarandi:

- Sækja um rannsóknaleyfi til Fornleifaverndar ríkisins [nú Minjastofnun Íslands] vegna rannsókna hér fyrir neðan.
- Rannsaka þarf frekar staðsetningu bænahúss og kirkjugarðs við Kirkjuból innan framkvæmdasvæðisins.
- Grafa könnunarskurði, t.d. með gröfu, þvert á framkvæmdasvæðið undir handleiðslu fornleifafræðings sem búinn væri að rýna svæðið m.t.t. heimilda og mögulegrar staðsetningu kirkju og grafreits. Kanna frekar eftirfarandi minjar og afla leyfis til að raska þeim.
- *Kirkjuból, garðlag* (13612-80:015). Garðinum verður raskað en er ekki sýndur á útboðsgögnum. Hann er staðsettur við stöð 6500. Grafa könnunarskurð í gegnum garðinn.
- Skoða hvort rannsaka þarf frekar minjar sem teljast í mikilli hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda eða hvort nægi að merkja kirfilega t.d. með girðingu og/eða að framkvæmaeftirlit fornleifaræðings verði á staðnum:
- *Fjarðarsel, hleðsla* (M0), við stöð 2100 og er nálægt framkvæmdasvæði. Mæla tóftina upp og grafa könnunarskurð í hana.
- *Litlanes, naust* (M8), við stöð 9240 er mjög nálægt framkvæmdasvæði. Mæla naust nákvæmlega upp, grafa könnunarskurð til að kanna gerð og aldur.
- Afmarka framkvæmdasvæðið á staðnum t.d. með hælum.

Rannsóknin var gerð í nokkrum áföngum sumar og vetur 2012. Rannsókn í júní sumarið 2012 var gerð af fornleifafræðingum Náttúrustofu Vestfjarða: Margréti Hrönn Hallmundsdóttur og Guðrúni Jónu Þráinsdóttir en á öðrum tíma sá Margrét ein um athuganir. Finnboði Jónsson var heimildarmaður við síðari rannóknina og benti á fornleifar sem ekki höfðu verið skráðar og er honum þökkun hjálpað og ánægulegt samstarf við vettvangsskóun.

Gerður var könnunarskurður í rúst á Litlanesi og í fjárrétt í Fjarðarseli í júní og júlí 2012, þær mældar inn og merktar með áberandi borðum. Fornleifarannsókn á Kirkjubóli var gerð í desember 2012. Fimm skurðir voru gerðir í fyrirhugað vegstæði á Kirkjuból til að fá fullvissu um að kirkja eða grafreitir væru ekki í vegstæði. Auk þess voru skráðar minjar sem ekki höfðu verið skráðar áður þegar fornleifaskráning fór fram en fyrirhuguð lega vegar hafði breyst frá því hún var kynnt fyrst.

Niðurstöður athuganna eru í þremur köflum: Litlanes í kafla 3, Kirkjuból í Kerlingarfirði í kafla 4 og Eiðshús (Fjarðarsel) í kafla 5.

2. Markmið og aðferðafræði

Eins og kemur fram hér fyrir ofan þá eru markmiðin að fá skilning á eðli þeirra byggingar sem um er að ræða, þ.e. byggingaraðferð, notkun og ef unnt væri, að fá hugmynd um aldur hennar. Einnig að afmarka minjar sem eru nálægt framkvæmdasvæðinu og kanna hvort aðrar minjar séu í hættu vegna framkvæmda.

Rannsóknin var könnunarrannsókn. Við rannsóknina var beitt single context uppgraftrartækni, þ.e. hver fornleifafræðileg eining var teiknuð, mæld, ljósmynduð og síðan grafin í burtu. Hugmyndafræðin bak við single context uppgraftrartækni byggir á því að hvert mannvistarlag er fjarlægð í öfugri tímaröð. Með því er saga uppgraftrarsvæðisins skráð af nákvæmni þar til að svæðið er komið á þann tímapunkt er mannvist hófst. Með þessu fæst nákvæmt yfirlit af svæðinu og þær breytingar sem hafa átt sér stað á uppgraftrarsvæðinu í gegnum tíðina.

Í þessari skýrslu fylgir með skráning sem má finna í skýrslu Margrétar og Caroline (2008). Síðan sú skýrsla kom út þá hefur veglínu breyst og það hafa minjar bæst við sem fundust við frekari rannsóknir á svæðinu. Hver sýsla hefur skammstafað heiti og hver jörð hefur tvö númer í fornleifaskránni. Númerin eru komin úr annars vegar landsskrá Fasteignamats ríkisins (t.d. Litlanes 139638-) og hins vegar eins og það kemur fyrir í Jarðatal Johnsens frá 1847 (t.d. Litlanes: 81). Síðan fær hver minjastaður raðnúmer í skránni (t.d. BS-139638-81:001). Rústirnar voru allar mældar nákvæmlega með Trimble pro og merktar.

3. Litlanes, saga

"Jarðadýrleiki viii c og so tíundast 4 tíundum. Eigandi að hálfri jörðinni Þorgrímur Árnason að Bíldudal. Eigandi að hinum helmíngnum áður nefnt barn Helgu Árnadóttir að Flatey. Ábúandinn Jón Einarsson. Landskuld xl álnir í næstu 2 ár, áður um nokkur ár lx álnir, þar fyrir lxxx álnir, en sagt er að landskuld hafi verið hér að fornu 1 c. Betalast í landaurum eftir proportion."¹

3.1. Fornleifarannsókn á Litlanesi 2012

Kerlingarfjörður er um níu km langur fjörður milli Skálmarness og Litlaness. Háar hamrahlíðar liggja að honum á báða bóga. Í botni Mjóafjarðar, innfjarðar Kerlingarfjarðar, renna tvær ár saman til sjávar, Austurá og Mjóafjarðará. Eyðibýlið Kirkjuból er staðsett á miðri hlíðinni við vestanverðan Kerlingarfjörð. Nesið á milli Kerlingarfjarðar og Kjálkafjarðar nefnist Litlanes. Litlanes er eyðibýli sem og Stekkjarnes sem staðsett er utarlega í austanverðum Kjálkafirði (kort 1). Kjálkafjörður liggur á milli Hjarðarness að vestan og Litlaness að austan. Rústin sem rannsökuð var, er niður við sjó á Litlanesi.

Fyrir lá að gera könnunarskurð í rúst sem kölluð var naust og hafði fengið númer M8 í könnun Finnþoga (Vegagerðin 2011) og BS-139638-81:010 í þessari skýrslu. Rústin hafði ekki verið skráð þegar fornleifakönnun var gerð árið 2008 (Margrét Hallmundsdóttir og Caroline Paulsen 2008). Við nánari skoðun kom í ljós að líklega væri ekki um naust að ræða þar sem töluverður spotti var niður í fjöru og rústin stóð á hæð. Hinsvegar fundust óljósar rústir af naustum neðan umrædda rúst.

Rústin er sporöskjulaga og sást í grjót í útveggjum á yfirborði. Rústin var að innanmáli tveir metrar á breidd og tveir og hálfur metri á lengd. Ákveðið var að gera skurð í miðja rústina (teikning 1). Skurður var gerður þvert yfir rústina og var hann einn metri á lengd og tveir á breidd. Þegar skurðurinn hafði verið opnaður kom fljótlega í ljós eldstæði. Ljóst þótti að ekki væri um naust að ræða heldur líklega sjóbúð/verðbúð og var því ákveðið, þar sem skurðurinn náði þegar yfir meiri hluta rústarinnar, að opna hana alveg að innan og fá þar með upplýsingar um gerð þessarar byggingu.

Í enda rústarinnar var grjóti hlaðið þvert yfir gólfið og líklega hefur þar verið rúmbæli og grjótið notað til að aðskilja fletið frá gólfinu og var það aðeins upphækkað miðað við gólfið.

Við útgang rústarinnar var eldstæði við vegg nærri inngangi og við vegginn á móti var flatur steinn sem hugsanlega hefur verið notaður til að sitja við eldstæðið og er nokkuð þægilegt sæti.

¹ Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:264



Kort 1. Minjar í landi Litlanes. Könnunarskurður í rúst 010 (M8).

Einingar voru sem hér segir:

Eining [1]: Grasrót sem fjarlægð var ofan af rústinni að innan.

Eining [2]: Hrun úr veggjum, nokkuð af grjóti hafði fallið inn í rústina.

Eining [3]: Sendin jarðvegur með nokkuð af mól, blandaður mold og plöntuleifum. Dökkbrúnn. Greinilegt áforkslag.

Eining [4]: Eldstæði við vegg, lítið og afmarkað með grjóti.

Eining,[5]: Gólfslag. Svart lífrænt lag. Mikið af kolaleifum, enginn móaska. Gripir, tveir illa farnir naglar og nokkrir mjög óljósir litlir járnsmolar sem brotnuðu niður og urðu að salla nokkrum klukkutímum eftir að þeir komu úr jörð.

Eining [6]: Brún óhreyfð sendin mold.



Teikning 1. Teikning af rústinni. Rauði kassinn sýnir hvar könnunarskurður var fyrst tekinn en rústin var síðan opnuð frekar.

3.2. Niðurstöður

Rannsóknin leiddi í ljós að rústin á Litlanesi hefur að öllum líkindum verið verbúð eða hluti verbúðar. Við hliðina á henni og nokkuð neðar eru naust og við ströndina góð aðstaða til að ýta bátum úr vör. Þar sem gjóskulög eru mjög vandfundinn á Vestfjörðum er erfitt að aldursgreina verbúðina en hún gæti verið mjög gömul. Ekki fleiri en tveir menn geta hafa hafst við í þessu litla rými en nokkuð vel farið um einn mann. Fleti hefur líklega verið í enda verbúðarinnar, eldstæði og steinn sem einn maður hefur getað setið á þegar hann notaði eldstæðið.



Mynd 1. Inngangur. Eldstæði og steinn sem hugsanlega var notað sem sæti.

Við útgang verbúðarinnar voru hleðslur sem ekki voru grafnar. Hugsanlega hefur verbúðin verið stærri en könnunarskurðurinn náði aðeins yfir eitt rými. Engar eldri minjar voru undir rústinni.

Rústin (BS-139638-81:010) var merkt vel og allt svæðið þar sem minjar voru nærri framkvæmdum. Fornleifafræðingur fylgdist vel með um sumarið 2012 þegar framkvæmdir voru á svæðinu. Engar skemmdir urðu á rústinni við framkvæmdir og aðrar minjar voru ekki í hættu.



Mynd 2. Rústin eins og hún var fyrir uppgröft, rétt sér móta fyrir henni á yfirborði. Rauði kassinn markar hvar könnunarskurður var fyrst tekin en restin síðan opnuð til að fá betri upplýsingar.

3.3 Fornleifar á Litlanesi

Hér á eftir eru taldar upp þær fornleifar sem voru skráðar á Litlanesi og eru númer frá mælingu Finnboaga og Vegagerðarinnar hafðar fyrir aftan landsnúmerið í sviga. Aðrar skráningar eru úr skýrslunni 2008 (Margrét Hallmundsdóttir og Caroline Paulsen). Sú skráning náði upp í sjö númer.

BS-139638-81:001

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Býli

Staðsetning: A319628 N568824

Staðhættir: Bæjarstæði Litlanes stendur í brekku undir Litlanesfjalli, syðst á nesinu.

Minjalýsing: Bæjarstæðið er á litlum hól og síðasta húsið sem stóð á hólnum samanstendur af fjórum hólfum. Húsið hefur verið grjóthlaðið og standa hleðslur grónar.

BS-139638-81:002

Hlutverk: Útihús

Tegund: Fjánhús

Staðsetning: A319594 N568824

Staðhættir: Beint norður af bæjarstæðinu, í u.þ.b. 30 metra fjarlægð.

Minjalýsing: Rústin er tvíhólfa og með garði sunnan við.

BS-139638-81:003

Hlutverk: Útihús

Tegund: Óþekkt

Staðsetning: A319574 N568895

Staðhættir: Norðvestur af nr. 2 stendur upp við kletta.

Minjalýsing: Rústin er útlött og gróin.

BS-139638-81:004

Hlutverk: Útihús

Tegund: Fjánhús

Staðsetning: A319657 N568760

Staðhættir: Suður af bæjarstæðinu, á litlum hól.

Minjalýsing: Rústin samanstendur af þrem hólfum og hafa þau verið fjánhús, hlaða og hesthús.

BS-139638-81:005

Hlutverk: Rétt

Tegund: Stekkur

Staðsetning: A319545 N569006

Staðhættir: Í u.þ.b. 180 metra norður af bænum. Stendur alveg við þjóðveginn vestanmegin.

Minjalýsing: Rústin samanstendur af þrem hólfum og hafa þau verið fjánhús, hlaða og hesthús.

BS-139638-81:006

Hlutverk: Tóft

Tegund: Óþekkt

Staðsetning: A319459 N569443

Staðhættir: Í u.þ.b. 700 metra norður af bænum er nes sem skagar út í fjörðinn. Nesið er gróið og þýft.

Minjalýsing: Svæðið er þýft en greinilega mótar fyrir tóft, þó erfitt að átta sig á útliti hennar.

BS-139638-81:007

Hlutverk: Tóft

Tegund: Óþekkt

Staðsetning: A319529 N570723

Staðhættir: Norður af bænum, í tveggja kílómetra fjarlægð, er nes sem skagar út í fjörðinn. Gróíð og þýft svæði.

Minjalýsing: Tóftin samanstendur af tveim tóftum, ein með þrjú hólf en hitt með eitt. Hleðslur eru útflattar og grónar.

BS-139638-81:008

Hlutverk: Naust

Tegund: Rústir

Staðsetning: A319526 N568860

Staðhættir: Um 5 metra austur af verbúðinni (BS-139638-81:010) eru aðrar rústir. Þetta eru líklega

naust en gætu verið verbúðir. Rústirnar eru mjög ógreinilegar og voru mældar inn (kort 1). Þessar

rústir voru einnig merktar sem M8 í könnun Finnboga (Vegagerðin 2011).

Minjalýsing: Aðeins eru greinilegir þrír veggir og eftitt að gera sér grein fyrir hvort um sé að ræða eitt eða tvö hólf. Sést í grjótt úr veggjum en rústin er mjög gróin. Hleðslur eru um 40 cm á hæð og 7 metra langur veggur liggur í austur/vestur og beygir til suðurs og veggjarbrot sem eru 4x3 metrar.



Mynd 3. Rústir, mjög líklega naust nærri sjóbúðinni.

BS-139638-81:009

Hlutverk: Hleðsla

Tegund: Bryggja

Staðsetning: A319526 N568860

Staðhættir: Í fjörunni framan “naustin” [139638-81:008] og verbúðarinnar [139638-81:010] er hleðsla. Hleðslan tengist öruggleg útgerð frá svæðinu. Líklega er um að ræða bryggju eða hleðslu til að komast niður í sjávarmál.

Minjalýsing: Hleðslan er sjö metrar á lengd og einn metri á breidd og liggur frá “naustunum” að flæðamáli.



Mynd 4. Bryggja [009].

BS-139638-81:010 (M8)

Hlutverk: Verbúð

Tegund: Rúst

Staðsetning: A319526 N568860

Staðhættir: Verðbúðin er rétt við bratta kletta sem liggja við sjó, 93 metra beint í vestur frá bæjarstæði Litlanes (BS-139638-81:001) og 45 metra neðan við núverandi veg.

Minjalýsing: Rústin var ekki mjög greinileg á yfirborði en þó mátti sjá hleðslugrjót og móta fyrir útlinum hennar. Rústin er mjög hrunin og vel gróin. Gerður var könnunarskurður í hana eins og getið var í kafla 3.1 og 3.2.

4. Kirkjuból í Kerlingarfirði, saga

Kirkjuból kemur fyrst fram í máldaga árið 1363² og aftur árið 1397³. Jörðin er síðan talin upp í eignaskrá Guðmundar ríka Arasonar á Reykhólum árið 1446⁴. Jörðin kemur síðan fram í máldögum frá á 17 öld en í manntölunum 1703 og 1810 er jörðin í byggð. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: "Útigangur í skárri lagi. Skógur til raftviðar, kolagjörðar og eldiviðar nægur, og brúkast af ábúanda til búsnauðsynja. Torfrista og stúnga lök og lítt nýtandi. Skelfisksfjara nokkuð lítil. Engjarnar spillast stórlega af skriðum úr fjallinu, og eru mestan part fyrir því eyðilagðar. Úthagar eru nægir. Hætt er kvikfje fyrir sjáfarflæðum."⁵

Í Barðstrendingabók segir um Jörðina: „Skammt utan við mynni Mjóafjarðar er Kirkjuból. Túninu hallar niður að firðinum, en ofan við það hefir hraun fallið fram úr fjallinu svipað og í Kvígindisfirði. Túnið er orðið gott, en engjar litlar. Þar er snoturt timburhús.“⁶ Á túnakorti frá árinu 1920 eru tún 2,84 ha, garðar 484 m².⁷ Kirkjuból fór í eyði 1944.

4.1 Fornleifarannsókn á Kirkjubóli

Þegar ljóst var hvar veglína átti að vera fór fornleifafræðingur frá Náttúrustofu Vestfjarða að Kirkjubóli og gerði könnunarskurði í túngarði (13612-80:015) auk þess sem fjórir skurðir voru grafnir í heimatúni Kirkjubóls til að ganga úr skugga um að vegagerð raskaði ekki óþekktu kirkjustæði og grafreit á Kirkjubóli (kort 2).

4.2 Könnunarskurður í túngarð

Grafið var í gengnum um túngarðinn (13612-80:015). Garðurinn er 158 metra á lengd og hefur verið grjóthlaðin og var nokkuð útflattur. Ekki var hægt að aldursgreina garðinn vegna skorts á öskulögum á svæðinu en ljóst er að hann hefur verið notaður nokkuð lengi.

Við heimildarathugun og fornleifakönnun fundust hinsvegar nokkrar minjar sem ekki höfðu verið skráðar þegar fornleifarannsókn var gerð árið 2008. Þessar minjar eru nærri núverandi vegi og um 60 metrum ofan við miðlínu hins nýja vegar. Minjar og könnunarskurður A má sjá á korti 2. Hnit á könnunarskurð A eru: A321509 N570086.

² Íslenzkt fornbréfasafn III. 1269-1415:195


³ Íslenzkt fornbréfasafn IV. 1897:152

⁴ Íslenzkt fornbréfasafn IV. 1897, 691

⁵ Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:26.

⁶ Barðstrendingabók. 1942:53

⁷ Túnakort



Kort 2. Minjar í landi Kirkjubóls í Kerlingarfirði og könnunarskurðir (hvítir kassar).

4.3 Könnunarskurðir í túni

Grafnir voru fjórir skurðir í túni í landi Kirkjubóls og var hver þeirra um 20 metrar á lengd. Skurðirnir voru númeraðir frá B-E (kort 3) og eru hnitin þeirra: B = A321628 N570320, C = A321649 N570331 (mynd 6), D = A321663 N570337 (mynd 5) og E = A321677 N570363. Ekki fundust nein merki um kirkju eða kirkjugarð í könnunarskurðunum. Jarðvegur var mjög dökkur mýrarjarðvegur. Ekki fundust nein merki um kirkju, kirkugarð né aðra mannvistarleifar þar sem vegur er fyrirhugaður.

Ekki er vitað hvar kirkja var staðsett en vestan við bæjarhólinn er flatur stallur í brekku sem er nokkuð hringlaga (BS-139612-80:26). Hugsanlegt er að þetta sé útflött kirkjutóft og grafreitir og passar það við lýsingar í örnefnaskrá. Svæðið er um 20 metrar að utanmáli og er við hlið bæjarhóls en algengt var að bænhús og grafreitir væru nærri bæ. Þetta svæði er ekki nærri fyrirhugðum veg. Litlar líkur eru taldar á því að kirkjugarður hafi verið þar sem fyrirhugað er að leggja veg.



Mynd 5. Könnunarskurður D. Mynd tekin í NA.



Mynd 6. Könnunarskurður C. Mynd tekin í NA.

4.4. Heimildir um kirkju á Kirkjubóli

Í örnefnaskrá Kirkjubóls (1) segir: „Svíri það er lítill blettyr fyrir neðan kálgarðinn þar var talið, að kirkjugarður hefði verið. En nú hefur hann verið sléttaður fyrir löngu⁸“. Í annarri örnefnaskrá segir: „Í því var nefndur Svíri, lítill blettur fyrir neðan kálgarðinn. Þar var talið að kirkjugarður hafi verið og staðhæfðu margir, ekki sér neitt fyrir honum, því þegar Ingvi kom fyrst að Kirkjubóli því var búið að slétta þarna“⁹. Síðar í sömu örnefnaskrá segir: „talið var, að bænhústóft hefði verið á Kirkjubóli. Héldu menn, að hún hefði verið á ytra túninu, annaðhvort í tóft, sem búið var að slétta 1935 og var nálægt gamla túngarðinum [037], eða í tóft þar litlu neðar.“ Að sögn

⁸ Örnefnaskrá Kirkjubóls (1)

⁹ Örnefnaskrá Kirkjubóls (2)

Ingva Samúelssyni voru ýmsar getgátur um, hvar bænhúsið hefði verið. Það sást fyrir tóftum hingað og þangað, en ekki var vitað, hvað var hvað. Í skrá Ara Gíslasonar er nefnd Kirkjutóft utast í túni. Þar var tóft, en Ingvi efast um, að þar hafi verið kirkjutóft."¹⁰

Í Árbók fornleifafélagsins frá árunum 1937-39 segir: „Jörðin hefir því ekki fengið nafn sitt af því, að hún væri kirkjueign, heldur hlýtur það að vera dregið af því, að þar hafi verið kirkja. Þeirrar kirkju finnst að vísu eigi getið fyrir siðaskipti, en í máldaga Múlakirkju frá dögum Odds biskups er sagt, að þrjú bænhús séu þar í sókninni og eitt þeirra á Kirkjubóli. Efalaust hefir bænhús þetta verið úr kaþólskum sið, þó eldri heimildir geti þess eigi. Samkvæmt upplýsingum frá Helga Þjóðsagnasafnara Guðmundssyni hefir tótt í túninu á Kirkjubóli, sem nú hefir fyrir skömmu verið sléttað yfir, verið nefnd Bænhústótt“.¹¹

4.5. Minjar sem fundust við síðari vettvangsrannsókn

Í skýrslunni frá 2008 (Margrét Hallmundsdóttir og Caroline Paulsen) eru gerðar skil á 19 fornleifum og ná þær frá Kirkjubóli að Eiði sem er á milli Vattarfjarðar og Skálmafjarðar. Til viðbótar voru skráðar fornleifar árið 2012 og fengu þær númer frá 20-27. Hér fyrir neðan eru þessum fornleifum gerð skil en farið betur yfir fornleifar nr. 16, 17, 18 og 27 í kafla 5.

BS- 139612-80:001

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Býli

Staðsetning: A321613 N570399

Staðhættir: Bæjarstæði Kirkjubóls stendur austanmegin á Litlanesi og liggur þjóðvegurinn að hluta yfir hólinn.

Minjalýsing: Stór hóll og á honum er grunnur af steinsteyptu húsi. Þjóðvegurinn virðist vera lagður yfir hann vestanmegin.

BS- 139612-80:002

Hlutverk: Útihús

Tegund: Óþekkt

Staðsetning: A321513 N570365

Staðhættir: Vestan við þjóðveginn, u.þ.b. 80 metra frá bæjarstæðinu. Þýft svæði undir fjalli.

Minjalýsing: Rústin er lítil, útflótt og rétt sést móta fyrir hleðslum.

¹⁰ Örnefnaskrá Kirkjubóls (2)

¹¹ Árbók hins Íslenska fornleifafélags 1937-1939:bls 30

BS- 139612-80:003**Hlutverk:** Útihús**Tegund:** Óþekkt**Staðsetning:** A321515 N570374**Staðhættir:** Vestan við þjóðveginn, u.þ.b. 80 metra frá bæjarstæðinu. Þýft svæði undir fjalli.**Minjalýsing:** Rústin er sporöskjulaga og eru hleðslur útflattar.**BS- 139612-80:004****Hlutverk:** Útihús**Tegund:** Óþekkt**Staðsetning:** A321509 N570377**Staðhættir:** Vestan við þjóðveginn, u.þ.b. 80 metra frá bæjarstæðinu. Þýft svæði undir fjalli.**Minjalýsing:** Rústin er tvíhólfa og virðist stærra hólfið vera niðurgrafið. Hleðslur útflattar og grónar.**BS- 139612-80:005****Hlutverk:** Garðlag**Tegund:** Túngarður**Staðsetning:** A321515 N570405**Staðhættir:** Beint vestur af bæjarstæðinu, í u.þ.b. 60 metra fjarlægð. Vestan þjóðvegarins.**Minjalýsing:** Garðurinn er gróinn og sést ógreinilega. Nær alveg að læk sem rennur frá fjallinu og meðfram bæjarstæðinu niður í fjöru.**BS- 139612-80:006****Hlutverk:** Útihús**Tegund:** Óþekkt**Staðsetning:** A321533 N570444**Staðhættir:** Beint vestur af bæjarstæðinu, í u.þ.b. 60 metra fjarlægð. Vestan þjóðvegarins.**Minjalýsing:** Rústin er tvíhólfa og eru hólfin opin í austur.**BS- 139612-80:007****Hlutverk:** Útihús**Tegund:** Fjánhús**Staðsetning:** A321670 N570531**Staðhættir:** Svo til vest-norðvestur af bæjarstæðinu. Í u.þ.b. 86 metra fjarlægð. Rústin samanstendur af fjárhúsi og hlöðu og standa hleðslur grónar.

BS- 139612-80:008**Hlutverk:** Útihús**Tegund:** Fjánhús**Staðsetning:** A321666 N570414**Staðhættir:** Svo til vest-norðvestur af bæjarstæðinu. Í u.þ.b. 100 metra fjarlægð. Rétt norðan við 139612-80:007.**Minjalýsing:** Rústin samanstendur af fjárhúsi og hlöðu og standa hleðslur grónar.**BS- 139612-80:009****Hlutverk:** Útihús**Tegund:** Óþekkt**Staðsetning:** A321666 N570414**Staðhættir:** Austur af bæjarstæðinu, í u.þ.b. 50 metra fjarlægð. Þýft svæði.**Minjalýsing:** Sést ógreinilega móta fyrir rúst. Ekki hægt að greina hólfi vegna þess hve þýft svæðið er.**BS- 139612-80:010****Hlutverk:** Verstaða**Tegund:** Naust**Staðsetning:** A321673 N570324**Staðhættir:** Suðaustur af bæjarstæðinu, u.þ.b. 80 metra. Stendur á bakka fyrir ofan fjöru.**Minjalýsing:** Hleðslur standa vel um 1 metri á hæð**BS- 139612-80:011****Hlutverk:** Verstaða**Tegund:** Naust**Staðsetning:** A321673 N570324**Staðhættir:** Suður af bæjarstæðinu og stendur rétt austan við þjóðveginn.**Minjalýsing:** Sést ógreinilega móta fyrir rúst. Ekki hægt að greina hólfi vegna þess hve þýft svæðið er.**BS- 139612-80:012****Hlutverk:** Útihús**Tegund:** Óþekkt**Staðsetning:** A321558 N570287

Staðhættir: Suður af bæjarstæðinu og stendur rétt austan við þjóðveginn.

Minjalýsing: Tóftin er tvíhólfa og gróin. Hleðslur útflattar.

BS- 139612-80:013

Hlutverk: Útihús

Tegund: Fjárhús

Staðsetning: A321564 N570275

Staðhættir: Suður af bæjarstæðinu og stendur rétt austan við þjóðveginn.

Minjalýsing: Tóftin samanstendur af fjárhúsi og hlöðu. Tóftin er grjóthlaðin og standa hleðslur grónar.

BS- 139612-80:014

65°34'51.1N 22°52'13.6V

Hlutverk: Garðlag

Tegund: Túngarður

Staðsetning: A321502 N570226

Staðhættir: Garðurinn er sunnan við bæjarstæðið, rétt austan við þjóðveginn.

Minjalýsing: Garðurinn er útflattur og gróinn.

BS- 139612-80:015

Hlutverk: Garðlag

Tegund: Túngarður

Staðsetning: A321459 N570098

Staðhættir: Garðurinn er aðeins sunnar en nr. 14 og liggur svo til frá þjóðvegi og niður í fjöru.

Minjalýsing: Garðurinn er grjóthlaðinn og ógróinn.

BS- 139612-80:016

Heiti: Eiðshús

Hlutverk: Bæjarstæði

Tegund: Býli

Staðsetning: A321099 N573534

Staðhættir: Víði gróinn tangi sunnan þjóðvegarins á þeim slóðum sem vegurinn beygir inn í Mjóafjörð.

Minjalýsing: Rústin sem stendur á tanganum er af fjárhúsi og hlöðu og stendur hún á hól.

BS- 139612-80:017**Hlutverk:** Tóft**Tegund:** Óþekkt**Staðsetning:** A324160 N573626**Staðhættir:** Víði gróinn tangi sunnan þjóðvegarins á þeim slóðum sem vegurinn beygir inn í Mjóafjörð. Rústin er svo til mitt á milli Eiðshúsa og þjóðvegarins.**Minjalýsing:** Rústin er tvíhólfa en erfitt að átta sig á henni þar sem að hún er að hluta til gróin víði.**BS- 139612-80:018****Hlutverk:** Tóft**Tegund:** Óþekkt**Staðsetning:** A324093 N573525**Staðhættir:** Víði gróinn tangi sunnan þjóðvegarins á þeim slóðum sem vegurinn beygir inn í Mjóafjörð. Rétt sunnan við nr. 016**Minjalýsing:** Ferhyrnd rúst með inngang fjörumegin. Útflött og gróin.**BS- 139612-80:019****Hlutverk:** Samgöngubót**Tegund:** Varða**Staðsetning:** A325489 N573285**Staðhættir:** Rétt eftir að farið hefur verið yfir Eiðið sem skilur að Skálmarnes og meginlandið. Varðan stendur á klöpp norðan þjóðvegarins.**Minjalýsing:** Grjóthlaðin, 1x1 meter.

Mynd 7. Rúst af nausti í fjörinni neðan við Kirkjuból.

BS- 139612-80: 020 (M1)**Hlutverk:** Naust**Tegund:** Rústir**Staðsetning:** A321676 N570294**Staðhættir:** Um það bil 50 metra suður af [BS-139612-80:010] eru leifar af tveimur naustum.**Minjalýsing:** Annað naustið er nokkuð ógreinilegt en sér þó í hleðslur og niðurgroft. Naustið er tveir metrar á breidd og þrjár á lengd. Hitt naustið er töluvert breiðara og sést vel í hleðslur og er það fast við hliðina. Breidd þess er 4 metrar og 5 metrar á lengd.

BS- 139612-80:021 (M1)**Hlutverk:** óþekkt/naust?**Staðsetning:** A321650 N5700290**Tegund:** hleðsla

Staðhættir: Við hliðina á [020] eru hleðslur, líklega naust sem er nokkuð greinileg. Naustið er þar sem fjaran byrjar við grýttar klappir. Veggir



eru hlaðnir og um ½ metri á hæð en naustið er sjálft um 3 metrar á breidd og 5 metrar á lengd.

Mynd 8. Hleðslur sem hafa líklega verið skjól fyrir báta.

BS- 139612-80:022**Hlutverk:** Bryggja**Tegund:** Hleðsla**Staðsetning:** A321652 N570240

Staðhættir: Um 55 metra frá [BS- 139612-80:010] er hleðsla í fjörunni.

Minjalýsing: Hleðslan er leifar af bryggju sem hefur staðið í fjöruborðinu. Bryggjan er um 14 metrar á lengd og um 3 metrar á breidd. Grjóti hefur verið hlaðið upp. Ekki sáust neinar leifar af timbri.

BS- 139612-80:023**Hlutverk:** Vatnsból**Tegund:** Heimild

Staðhættir: Í örnefaskrá segir skammt fyrir utan túnið er lækur sem heitir Kaldibrunnur. Þar er kaldavermsl sem ekki frýs nema í miklu frosti.

Minjalýsing: Um er að ræða læk sem ekki er neitt manngert í kring um.

BS- 139612-80:024**Hlutverk:** Vatnsból**Tegund:** Lind**Staðsetning:** A321135 N569677

Staðhættir: Í örnefaskrá segir „Þar fyrir utan er urð nefnd Stóraurð og undan henni kemur uppsprettulækur nefndur Gvendarbrunnur. Engin sögn var um hann. Gvendarbrunnur er svo skammt frá sjó, að nærri liggur, að falli upp í hann um stórflæði“. Sjá kort 3.

BS- 139612-80:025**Helgustekkur****Hlutverk:** Stekkur**Tegund:** Tóft**Staðsetning:** A321006 N569547

Staðhættir: Í örnefnaskrá segir: „fyrir utan urðina er graslendi sem heitir Stekkur. Þar var stekkjartóft, en fráfarum var löngu hætt, þegar Ingvi man eftir. Stekkurinn er nefndur Helgustekkur“.



Mynd 9. Helgustekkur (025).

Minjalýsing: Stekkurinn er 30 metra suðaustur að núverandi vegi. Stekkurinn stendur við stórann stein sem notaður er sem ein hlið hans á tvennan hátt. Tvö hólf eru byggð við steininn og eru hleðslur lágar en sjáanlegar á yfirborði. Sjá kort 3.



Kort 3. Minjar 024 (M3) og 025 (M4) í Kerlingarfirði í landi Kirkjubóls.

BS- 139612-80:26**Hlutverk:** Óþekkt/bænhús/grafreitir?**Tegund:** rúst/upphækkun**Staðsetning:** A321590 N570371

Staðhættir: Í örnefnaskrá segir: „Í því var nefndur Svíri, lítill blettur fyrir neðan kálgarðinn. Þar var talið að kirkjugarður hafi verið og staðhæfðu margir, ekki sér neitt fyrir honum, því þegar Ingui kom fyrst að Kirkjubóli því var búið að slétta þarna“¹². Síðar í sömu örnefnaskrá segir „talið var, að bænhústóft hefði verið á Kirkjubóli. Héldu menn, að hún hefði verið á ytra túninu, annaðhvort í tóft, sem búið var að slétta 1935 og var nálægt gamla túngarðinum [014], eða í tóft þar litlu neðar“.

Minjalýsing: Svæðið sem um ræðir er rétt fyrir neðan núverandi þjóðveg en töluvert ofan við þar sem nýi vegurinn er fyrirhugaður. Þarna sér móta óljóst fyrir rúst og framan við er upphækkað svæði sem er um 20 metar í þvermál. Auk þess er svæðið nærri bæjarhól en kirkjur voru oft nærri bæjum.

¹² Örnefnaskrá Kirkjubóls (2)

5. Eiðshús (Fjarðasel)

Eiðshús var eyðhjáleiga frá Firði á Múlanesi og lengi vel voru það beitarhús sem voru kölluð Fjarðarsel. Um þau segir: „Þar heitir Fjarðarsel. Og þetta eru rústir gamalla beitarhúsa frá Firði á Múlanesi. Það var meira en stekkjarvegur á húsin þau, því að þangað hefur líklega verið sem næst tólf kílómetrar heiman frá bænum og leiðin þó mun seinfarnari en vegalengdinni nam. En þarna var kjarrgöð beit, hagsælt kvistkendi og ágætis fjara“¹³.

BS- 139612-80:016


Heiti: Eiðshús (Fjarðarsel)

Hlutverk: Bæjarstæði

Tegund: Býli

Staðsetning: A324110 N573512

Staðhættir: Víði gróinn tangi sunnan þjóðvegarins á þeim slóðum sem vegurinn beygir inn í Mjóafjörð. Samkvæmt heimildum var baðstofuloft ofan við eitt húsið en í frásögn í Tímanum frá 1963 segir: „Svo var háttað í Fjarðarseli að þeir frændur höfðust þar við á eins konar baðstofulofti, sem þar var yfir geymslukofa, yst í húsaröð“, síðar segir: „Kindur Ara voru um tuttugu og var þar með hrútur sem hafður var í stíu innst inn í kró. Innangengt var út hýbýlum þeirra frænda í kindakofan og var farið í



Teikning 2. Rústir fjárhúsa og baðstofulofts (016).

gegn um tvö fjárhús sem þá stóðu auð og þaðan inn í heytóft að húsabaki og í gegn um geil fram á garðann í kofanum“¹⁴. Lýsingin á húsum á vel við þær rústir sem sjánlegar eru í Fjarðarseli í dag.

Minjalýsing: Rústin sem stendur á tanganum er af fjárhúsi og hlöðu og stendur hún á hól. Rústir Fjarðasels eru fjögur hól í húsaröð með heytóft að baki. Hleðslur eru skýrar og hæstar eru þær yfir einn metri á hæð. Sjá kort 4.

¹³ Tíminnn 31.03.1963

¹⁴ Tíminnn 31.03.1963



Kort 4. Innmælingar á minjum í landi Eiðshús (Fjarðarsel). Grafir var skurður í rúst 027.

BS- 139612-80:017

Heiti: Eiðshús (Fjarðarsel)

Hlutverk: Tóft

Tegund: Óþekkt/Sel

Staðsetning: A324167 N573615

Staðhættir: Víði gróinn tangi sunnan þjóðvegarins á þeim slóðum sem vegurinn beygir inn í Mjóafjörð. Rústin er svo til mitt á milli Eiðshúsa og þjóðvegarins. Hugsanlegt að þar geti verið sel það sem Fjarðarsel er kennt við. Á rennur þar nærri.

Minjalýsing: Rústin er tvíhólfa en erfitt að átta sig á henni þar sem að hún er að hluta til gróin víði. Ekki sér í hleðslur því rústin er mjög gróin en hæst er hún um 80 cm.



Mynd 10. Hugsanlegar rústir af gömlu seli (017).

BS- 139612-80:018

Heiti: Eiðshús (Fjarðarsel)

Hlutverk: Útihús

Tegund: Rúst

Staðsetning: A324078 N573507

Staðhættir: Um 19 metra vestur af húsaröð Fjarðarsels er lítið útihús.

Minjalýsing: Rústin er 3x3 metar að innanmáli. Veggir eru um tveir metrar á breidd. Rústin er opin til suðausturs.

BS-139612-80:027 (M0)

Tegund: Hleðsla

Hlutverk: Rétt

Tegund: Rúst

Staðsetning: A323964 N573445

Staðhættir: Um 145 metra suðvestur af rústum Fjarðarsels er rétt.

Minjalýsing: Réttin er mjög nærri framkvæmdum við nýjan veg. Hún var merkt vel og tekin í hana könnunarskurður



Mynd 11. Grafið var í réttina (027) og sýnir rauða línun hvar skurður var gerður.

að beiðni Minjastofnunar Íslands. Ljóst er um fjárrétt að ræða sem hlaðin er við kletta, en þeir mynda gafl réttarinnar. Réttin er 9 metrar að lengd að innanmáli og opin til suðurs og 3 metrar á breidd. Að utanmáli er réttin 13x12 metrar.

5.1 Fornleifarannsókn

Grafin var skurður þvert inn í miðja réttina. Aðeins kom í ljós mold og möl og engar eldri minjar fundust undir réttinni. Ljóst er að þarna er um að ræða fjárrétt eða nátthaga. Aldur er óviss þar sem ekki er hægt að styðjast við nein gjóskulög. Útlitið gefur til kynna þessi rétt sé ekki mjög gömul enda hleðslur ógrónar.



Mynd 12. Réttin eftir að hún var merkt af fornleifafræðingum. Síðar var hún merkt af starfsmönnum Vegagerðar.

6. Þakkir

Finnboga Jónssyni er þakkað fyrir hjálpina og samstarfið.

Náttúrustofa Vestfjarða: Hulda Birna Albertsdóttir sá um kortavinnslu (kort 1-4) og Böðvar Þórisson las yfir.

Suðuverk aðstoðaði við að grafa könnunarskurði.

Birgir Smáráson aðstoðaði við skráningar en sá einnig um að grafa könnunarskurði með gröfu.

Kristni Lyngmó frá Vegagerðinni og Birni Barkarsyni VSÓ voru tengiliðir í verkefninu og þeim þakkað fyrir.

7. Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi.* Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Íslenzkt fornbréfasafn. 1897. Í Þorlákur Jónsson, Ólafur Davíðsson og Jón Þorkelsson (ritstjórar). *Diplomatarium Islandicum.* (Fjórða bindi, 1265-1449). Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.

Ólafur Lárusson. 1939. *Kirkjuból.* Árbók hins íslenska fornleifafélags 1937-1939. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja. Bls 19-56.

Barðstrendingabók. 1942. Kristján Jónsson (ritstjóri). Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.

Kjartan Ólafsson. 1999. *Firðir og fólk 900–1900. Vestur-Ísafjarðarsýsla.* Búnaðarsamband Vestfjarða.

Margrét Hallmundsdóttir og Caroline Paulsen. 2008. Fornleifakönnun vegna ný- og endurlagningar Vestfjarðavegar nr. 60. Frá Eiði í Vattarfirði að Þverá í Kjálkafirði. Unnið fyrir Vegagerðina. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 15-08.

Sóknarlýsingar Vestfjarða I. 1952. Reykjavík: Samband vestfirzkra áttthagafélaga.

Vegagerðin. 2011. Vestfjarðavegur, milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði. Viðbótar upplýsingar um fornleifar. Vegna athugasemda Finnþórs Jónssonar, áhugamanns um fornar mannvistarleifar í Reykhólahreppi.

Óprentaðar heimildir

Kirkjuból á Litlanesi: Örnefnalýsing Kirkjubóls á Litlanesi. Örnefnastofnun Íslands.

Kirkjuból: Örnefnalýsing Kirkjubóls. Örnefnastofnun Íslands.

Túnakort.